

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings og kirkjuráði.

Frsm. Arna Grétarsdóttir.

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að halda áfram með vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar sem hófst í upphafi árs. Kirkjuráð hafi verkstjórnina áfram á hendi og fylgi málinu eftir.

#### *Greinargerð.*

Á kirkjuþingi 2019 voru lagðar fram tillögur sem snérist um að kirkjuþing samþykkti að hefja aftur vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar annars vegar og hins vegar að kirkjuþing samþykkti að farið yrði í gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna (27. og 29. mál). Tillögurnar voru sameinaðar í eitt mál þar sem þær þóttu náskyldar og hinu sameinaða máli gefið nafnið Tillaga til þingsályktunar um undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna. Tillagan sem var samþykkt fól í sér að kirkjuráði var falið að hefja vinnu að undirbúningi að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og ráðningu utanaðkomandi ráðgjafa/ráðgjafafyrirtæki til að meta núverandi stöðu þjóðkirkjunnar varðandi skipulag, rekstur og stjórnsýslu.

Á 319. fundi kirkjuráðs, 5. nóvember 2020, samþykkti kirkjuráð að fela dr. Bjarna Snæbirni Jónssyni, til að hefja undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna. Kirkjustarfshópi var falið að fylgja málinu eftir og kalla sér til ráðuneytis allsherjarnefnd kirkjuþings. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs boðaði til fyrsta fundar þar sem stýrihópur var skipaður en hópurinn hefur nú fundað 13 sinnum en hans helsta hlutverk hefur verið að undirbúa Stefnumótunarfund þjóðkirkjunnar, fund sem haldinn var 6. febrúar síðastliðinn.

Kallaður var til breiður hópur fólks sem starfar að málefnum þjóðkirkjunnar en við skipun hópsins var m.a. litið til aldurs- og kynjasjónarmiða, þess að hafa leikmenn í meirihluta auk þess sem hugað var að landshlutadreifingu. Til umræðu voru tvær spurningar. Annars vegar hvað við teljum nauðsynlegt að einkenni starfsemi þjóðkirkjunnar í náinni framtíð, horft frá innra starfi og út frá viðhorfi til þjónustu og stöðu í samfélaginu. Hins vegar var rætt um mikilvægustu viðfangsefnin í náinni framtíð til þess að ná meginmarkmiðum, efla starfsemina og bregðast við þróun og breytingum í samfélagi og starfsumhverfi þjóðkirkjunnar. Stefnumótunarfundur þjóðkirkjunnar tókst vel til en alls mættu 96 fundargestir til fundarins.

Nokkur stór sameiginleg forgangsmál komu skýrt fram hjá flestum umræðuhópum, þau voru sett upp í sjö flokka. Farið var þess á leit að biðja fundargesti um að velja þrjú af sjö forgangsmálum sem þau töldu mikilvægast að yrðu fremst í forgangsröðuninni. Málin sjö verða hér tilgreind í þeirri röð sem fundargestir gáfu mest vægi:

- 1) Efla og bæta æskulýðsstarf.
- 2) Endurskoða stjórnskipun kirkjunnar.
- 3) Efla til muna kynningarstarf.
- 4) Tryggja fjárhagslegt öryggi og gæta að ráðdeild.
- 5) Efla mannauð kirkjunnar.
- 6) Efla stuðning við einstaka þætti í starfsemi söfnuða.
- 7) Efla aðsókn að kirkjunni.

Ljóst er að málefnin eru brýn og mikilvægt er að lokið verði við stefnumótun þjóðkirkjunnar sem þegar er hafin. Gera má ráð fyrir því að vinna dr. Bjarna Snæbjörns muni jafnframt fela í sér mat á núverandi stöðu þjóðkirkjunnar varðandi skipulag og stjórnsýslu.

Kostnaður við verkið er talinn nema kr. 4.007.862,- en kostnaðurinn rúmast innan þess kostnaðar sem gert var ráð fyrir vegna sameinaðs máls 27. og 29. máls kirkjuþings og ætti því ekki að fela í sér útgjöld umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2021.